

Stjórnarfundur Klifurfélags Reykjavíkur

Klifurhúsinu, Ármúla 23

Dags: 24.3.2022 kl.20.40

Fundur númer: 201

Mættir: Hilmar (formaður), Ágústa (aðalmenn), Sigtryggur (aðalmenn), Jonni (aðalmenn), Anita (varamaður), Benjamin (framkvæmdastjóri), Þura (rekstrarstjóri). Vantar: Valdimar (aðalmenn) og Emil Bjartur (varamaður)

Dagskrá

1. **Aðalfundur**
2. **Fyrirmyndarfélag**
3. **Hundar í Klifurhúsinu**
4. **Ársreikningur 2021**
5. **Afmælisárið**
6. **Önnur mál**

1. **Aðalfundur**

Hafa aðalfund miðvikudaginn 18. maí, verður kosið um formann og 2 meðstjórnendur.

2. **Fyrirmyndarfélag**

Vinna með það áfram, reyna að vera komin með fyrirmyndarfélag fyrir Aðalfund árið 2023, mörg tímafrek mál sem hafa gengið fyrir og því hefur þessu verkefni seinkað aðeins en vilji til að halda því áfram.

3. **Hundar í Klifurhúsinu**

Rætt um dýrahald í Klifurhúsinu, málið sett á ís á meðan það er skoðað betur.

4. **Ársreikningur 2021**

Erum með hagnað fyrir árið 2021, reksturinn lítur vel út.

Formannafundur um daginn. Þing eftir 6 vikur. Verður kosið um félagagjöld, félögin greiða 2500 kr. í félagagjald fyrir hvern meðlim. KFR þarf að ákveða hvernig þessi gjöld verða innheimt. Einnig þarf að greiða 25000 kr. fyrir hvern afreksíþróttamann til sérsambandsins. Rætt um vilja til að lána Klifursambandinu ef þörf er á á með sambandið er að taka sín fyrstu skref.

5. **Afmælisárið 2022 (20 ára afmæli Klifurfélags Reykjavíkur)**

Deep Water Solo á dagskrá fyrir sjómannadag 12. júní nk.

Skemmtinefnd Klifurhússins er að hefja undirbúning á skemmtun fyrir félagsmenn og fyrir starfsfólk í formi árs hátíðar.

6. Toppstöðin

Þetta mál er í vinnslu.

7. Leigusamningur

Viðræður um framlengingu á núverandi leigusamningi eru í farvegi. Leiguverð mun í kjölfarið hækka og það er mál er inni á borði ÍTR.

8. Búðin, stafræn vegferð og styrktarsjóður

Styrktarstjóður KFR er til skoðunar, hvort þurfi að setja skýrari ramma utan um hann og þá með hvaða hætti.

Stafræn vegferð félagsins er langt komin með nýrri heimasíðu, afgreiðslukerfi og skráningarkerfi (Sportabler).

9. Önnur mál

Framboð fyrir stjórn KFR þurfa að liggja fyrir fyrir aðalfundinn.

Skuldabréfið sem KFR er á Hjalta, byrja á því að afskrifa, kannski afskrifa um 500.000 á ári?

Næsti fundur 27.apríl kl.17.

Fundi lokið kl.22.00.

Fundaritari: Anita